

Reglur um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra

**1. grein
Markmið og markhópur**

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra nr. 155/1995, skulu fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Þörf fyrir þjónustu er metin í hverju tilfalli fyrir sig út frá fötlun barns og aðstæðum fjölskyldu. Við matið er horft til aldurs barns, umönnunarþunga, fötlunar og félagslegra aðstæðna fjölskyldunnar.

Markmið þjónustunnar er að minnka álag á fjölskyldur barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Heimilt er, eftir mati, að veita fjölskyldum fatlaðra 18 ára og eldri þessa þjónustu.

**2. grein
Skipulag þjónustunnar**

Félagsþjónusta Akraness, Félagsþjónusta Borgarbyggðar og Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga sjá um framkvæmd þjónustunnar á grundvelli samnings um sameiginlegt þjónustusvæði á Vesturlandi vegna þjónustu við fatlaða. Allir íbúar á svæðinu eiga sama rétt til þjónustunnar að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

Félagsþjónusturnar skulu sjá til þess, eftir því sem unnt er, að fjölskyldur séu til reiðu sem stuðningsfjölskyldur.

Dvöl miðast við sólahringsþjónustu og er að hámarki 4 sólahringar í mánuði. Við sérstakar aðstæður er hægt að veita undanþágu fyrir allt að 6 sólahringum á mánuði. Semja má um aðra tilhögun en sólahringsþjónustu til að koma til móts við þörf á styttri en tíðari þjónustu..

**3. grein
Skilyrði leyfis og skyldur stuðningsfjölskyldu**

Stuðningsforeldri skal að jafnaði hafa náð 25 ára aldri.

Við ráðningu stuðningsfjölskyldu er ávallt krafist leyfis frá barnaverndarnefnd til að starfa sem stuðningsfjölskylda sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002 og reglugerð 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga. Þá er einnig krafist staðfestingar á að eldvarnir séu fullnægjandi og tryggingar séu fyrir hendi.

Stuðningsfjölskylda er bundin trúnaði og skal skrifa undir þagnarheit varðandi þær upplýsingar sem hún fær um einkahagi viðkomandi fjölskyldu.

Að jafnaði er ekki heimilt að stuðningsfjölskylda hafi umsjón fleiri en tveggja fatlaðra barna í senn.

Stuðningsfjölskyldu er ekki heimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá þjónustuþegum.

Stuðningsfjölskylda skal tafarlaust greina frá öllum breytingum sem áhrif geta haft á framkvæmd þjónustunnar og skal jafnframt upplýsa forráðamenn og félagsþjónustu um allt það er upp kemur er áhrif getur haft á líðan barnsins.

4. grein

Ferli umsókna

Þeir sem óska eftir stuðningsfjölskyldu sækja um það hjá lögheimilissveitarfélagi eða þeirri félagsþjónustu sem annast þjónustu við fatlaða, á þar til gerðum eyðublöðum þar sem fram kemur aldur og fötlun barns, fjölskylduaðstæður o.s.frv.

5. grein

Afgreiðsla umsókna

Tekið skal tillit til óska foreldra við val á stuðningsfjölskyldu ef unnt er. Allar umsóknir um stuðningsfjölskyldur eru afgreiddar af matshópi sem skipaður er starfsmönnum félagsþjónustu á hverju félagsþjónustusvæði. Farið er yfir umsóknir, magn þjónustunnar ákveðið, ásamt tímalengd samnings og greiðslum til stuðningsfjölskyldna. Þar er stuðst við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins.

- Börn með umönnunarmat frá 85% til 100% fá 2-4 sólahringa í mánuði. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru skv. 1. fl. skv. reglum þjónustusvæðis Vesturlands.
- Börn með umönnunarmat frá 43% til 70% fá 2-3 sólahringa í mánuði. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru skv. 2. fl. skv. reglum þjónustusvæðis Vesturlands.
- Börn með umönnunarmat frá 25% til 35% fá 1-2 sólahringa í mánuði. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru skv. 3. fl. skv. reglum þjónustusvæðis Vesturlands.
- Börn í umönnunarflokki 4 og 5 eiga ekki rétt á stuðningsfjölskyldu. Heimilt er í undantekningartilvikum að víkja frá þessu ákvæði.

Greiðslur eru verktakagreiðslur nema sérstaklega sé samið um annað.

6. grein

Kynning á ákvörðun

Umsækjendur fá skriflegt svar um afgreiðslu umsóknar innan tveggja vikna frá því að umsókn berst félagsþjónustunni. Ef umsókn er sett á biðlista er umsækjanda tilkynnt það bréflaga. Ef umsókn er synjað skal synjun rökstudd og veittar upplýsingar um áfrýjunarrétt til viðkomandi félagsmálanefndar.

7. grein

Samningur um þjónustu

Við upphaf þjónustu er haldinn fundur með foreldrum, stuðningsfjölskyldu og starfsmanni félagsþjónustu og farið yfir hlutverk hvers og eins. Gerður er þríhliða tímabundinn samningur milli stuðningsfjölskyldu, foreldra og félagsþjónustu. Í samningnum kemur fram fjöldi sólahringa í mánuði, almennar upplýsingar um samningsaðila, verkefni stuðningsfjölskyldunnar og hver beri kostnað vegna afþreyingar.

Forráðamenn og félagsþjónusta bera ábyrgð á að stuðningsfjölskylda fái allar nauðsynlegar upplýsingar um barnið, s.s. vegna óþols eða ofnæmis.

Foreldrar skulu undirgangast þagnarheit varðandi hagi stuðningsfjölskyldu.

Samningur er endurnýjaður um áramót eða oftár.

8. grein

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsókna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er.

9. grein
Málskotsréttur og endurupptaka máls

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur umsækjandi áfrýjað til félagsmálanefndar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjandi barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

10. grein
Upphæð greiðslu til stuðningsfjölskyldu

Greiðslur skulu vera:*

1. flokkur kr. 16.380 á sólarhring
2. flokkur kr. 12.680 á sólarhring
3. flokkur kr. 9.760 á sólarhring

* frá 1. mars 2014

11. grein
Endurskoðun

Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti, en upphæð greiðslna skal endurskoða árlega.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi þjónusturáðs Þjónustusvæðis Vesturlands þann 30. mars 2012.